

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

203. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **1. desember 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál.
2. Erindi Tannstaðabakka ehf.
3. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá síðasta fundi.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi Bjarna Þórs Einarssonar f.h. Fasteigna ríkissjóðs.
5. Erindi Fjarska ehf.

Afgreiðslur:

1. a. Farið yfir tillögu frá Landmótun að breytingu á deiliskipulagi í Kirkjuhvammi. Ráðið leggur til að breytingin verði auglýst.
b. Kynntar athugasemdir við deiliskipulag/aðalskipulagsbreytingu austan Norðurbrautar á Hvammstanga. Athugasemdir frá þremur aðilum bárust.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar sem haldinn verður þann 15. desember nk.
2. Tannstaðabakki ehf. kt. 640402-4580, sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu úti-flatgryfja, skv. teikningum nr. 001-005 dags. 17.10.2011 frá Einari Gíslasyni TFÍ. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
3. Kynnt afgreiðsla byggingarfulltrúa á umsókn um uppsetningu á gerfihnattadisk að Klapparstíg 9.

Tekið á dagskrá:

4. Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449, f.h. Fasteigna Ríkissjóðs, kt. 690981-0259, sækir um leyfi til breytinga á Spítalastíg 1-3, skv teikningu nr. SP30126. Ráðið samþykkir erindið.
5. Fram lagt erindi byggðarráðs dags. 29. nóv. síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn skipulags- og umhverfisráðs á umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir Fjarska ehf., vegna lagningar ljósleiðara frá Blöndustöð að lokuhúsi við Kolkustíflu og að tengivirki Landsnets við Hrútatungu. Ráðið samþykkir erindið fyrir sitt leyti að undangengnu samþykki landeiganda, Umhverfisstofnunar og Minjavarðar Norðurlands vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40

Guðjón Þórarinn Loftsson.(sign.),
Erla B Kristinsdóttir.(sign.),
Anna María Elíasdóttir.(sign.),
Björn Þorgrímsson.(sign),
Vígundur Gunnþórsson.(sign.),
Benjamín Kristinsson, Byggingarfulltrúi (sign),
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri (sign),